

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2024

2024/EES/92/07

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/980 frá 2. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraufni fyrir ketti (leyfishafi er Prosol S.p.A) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/997 frá 3. apríl 2024 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 18932, sem fóðuraufni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 569. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/824) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„570. **32024 R 0980:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/980 frá 2. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraufni fyrir ketti (leyfishafi er Prosol S.p.A) (Stjtið. ESB L, 2024/980, 3.4.2024).

571. **32024 R 0997:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/997 frá 3. apríl 2024 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 18932, sem fóðuraufni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/997, 4.4.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/980 og (ESB) 2024/997, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/980, 3.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/980/oj.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/997, 4.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/997/oj.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður